

## REGLUR

### um breytingu á reglum um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum, nr. 696/2001.

#### 1. gr.

2. mgr. 13. gr. orðast svo:

Viðaukar II–V við tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum og vísað er til í reglum þessum skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum sem gerðar voru á viðaukum III og IV með tilskipun 2001/63/EB um tæknilega aðlögun á tilskipun 97/68/EB. Um birtingu þeirra vísast til EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, nr. 60, 7. hluta, 21. desember 2000.

#### 2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr., og 34., 35., 38. og 47. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum til innleiðingar á tilskipun 2001/63/EB um tæknilega aðlögun á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum sem vísað er til í 1. lið a XXIV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 128/2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 31. mars 2003.*

**Páll Pétursson.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

#### VIÐAUKI

### Breytingar á III. og IV. viðauka við reglur nr. 696/2001, um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum, sbr. tilskipun 97/68/EB.

1. Eftirfarandi breytingar verða á III. viðauka:

1) Í stað formúlu í lið 2.2.2. kemur eftirfarandi:

$$0,96 \leq f_a \leq 1,06$$

2) Í lið 1.2.2. í 2. viðbæti kemur „CO<sub>2</sub>“ í stað „CO“;

3) Liður 1.9.2.2. í 2. viðbæti verður svohljóðandi:

„1.9.2.2. Vatnsdeyfingarprófun

Þessi prófun gildir einungis um mælingar á styrk rakra lofttegunda. Við útreikninga á deyfingu vegna vatns verður að taka tillit til þynningar NO-kvörðunarlofttegundarinnar með vatnsgufu og breyta verður styrk vatnsgufu í blöndunni til samræmis við þann styrk sem búist er við að verði meðan á prófuninni stendur. NO-kvörðunarlofttegund með styrk frá 80 til 100% af fullu kvarðaútslagi við eðlilegt mælisvið skal setja í gegnum hitaðan efnaljómunarnema og NO-gildið skráð sem D. NO-lofttegundin skal látin bóla í gegnum

vatn við stofuhita og fara í gegnum hitaða efnaljómunarnemann og NO-gildið skráð sem C. Hitastig vatnsins skal ákvarðað og skráð sem F. Mettunareimprýstingur blöndunnar, sem samsvarar hitastigi (F) ílátsins sem vatnið er látið bóla í, skal ákvarðaður og skráður sem G. Vatnsgufustyrk blöndunnar (í %) skal reikna sem hér segir:

$$H = 100 \times \left( \frac{G}{P_B} \right)$$

og skrá sem H. Væntanlegur styrkur þynntu NO-kvörðunarlofttegundarinnar (í vatnsgufu) skal reiknaður sem hér segir:

$$De = D \times \left( 1 - \frac{H}{100} \right)$$

og skráður sem De. Að því gefnu að hlutfallið milli H- og C-frumeinda í eldsneytinu sé 1,8:1 skal áætla hámarksstyrk vatnsgufu í útblæstri (í %), sem vænta má í prófuninni þegar um er að ræða dísilútblastur, út frá hámarksstyrk CO<sub>2</sub> í útblástursloftinu eða út frá styrk óþynntrar CO<sub>2</sub>-kvörðunarlofttegundar (A, eins og mælist í lið 1.9.2.1) sem hér segir:

$$Hm = 0,9 \times A$$

og skrá sem Hm.

Vatnsdeyfingin skal reiknuð út sem hér segir:

$$\% \text{ H}_2\text{O-deyfing} = 100 \times \left( \frac{De - C}{De} \right) \times \left( \frac{Hm}{H} \right)$$

og má ekki vera meira en 3% af fullu kvarðaútslagi.

De: væntanlegur styrkur þynnts NO (í milljónarhlutum)

C: styrkur þynnts NO (í milljónarhlutum)

Hm: hámarksstyrkur vatnsgufu (í %)

H: raunstyrkur vatnsgufu (í %)

Ath.: Mikilvægt er að NO<sub>2</sub>-styrk í NO-kvörðunarlofttegundinni sé haldið í lágmarki í þessari athugun þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir uppsogi NO<sub>2</sub> í vatn við deyfingarútreikninga.“;

4) Síðari formúla fyrir bakgrunnsleiðréttingu á massastreymi agna með massastreymi agna með einnarsíuaðferðinni í lið 1.4.4 í 3. viðbæti fellur brott. Fyrri formúlan verður sem hér segir:

$$PT_{mass} = \left[ \frac{M_f}{M_{SAM}} - \left( \frac{M_d}{M_{DIL}} \times \left( \sum_{i=1}^{i=n} \left( l - \frac{l}{DF_i} \right) \times WF_i \right) \right) \right] \times \frac{G_{EDFW}}{1000}$$

2. Eftirfarandi breytingar verða á IV. viðauka:

1) 17. lína (Sýrutala (sterk sýra)) í öðrum dálki töflunnar verður svohljóðandi:

„Hámark 0,20 mg KOH/g“

2) 2. másl. í 9. athugasemd verður svohljóðandi:

„Að því er varðar upphafsviðurkenningu hreyfils, án eftirmeðferðar fyrir útblástursloft, má leyfa að nafngildi brennisteinsinnihalds sé 0,05% af massa (lágmark 0,03% af massa)

en í slíkum tilvikum skal mældur styrkur agna leiðréttur upp að því meðalgildi sem er gefið upp sem nafngildi brennisteinsinnihalds í eldsneyti (0,15% af massa) samkvæmt eftirfarandi jöfnu:“.